Ed. **244. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á milli orðanna »netakúlum« »og« í 1. gr. 1. tölul. komi: línolíu, alkalí, parafín, sterín (ómótuðu), nýju grænmeti.

2. gr.

1. gr. 3. tölul. orðist svo:

Af allskonar skófatnaði 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.

Á eftir 6. tölul. 1. gr. komi 2 nýir töluliðir, er verða 7. og 8. tölul., svo hljóðandi:

1. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 50 au. af hverju kg.
2. a. Af allskonar kjöti og kjötmeti, smjöri, fiski, niðursoðnum og nýjum, eplum, perum, appelsínum, banönum, vínberjum, melónum, niðursoðnum ávöxtum og grænmeti í dósum, sylltuðum ávöxtum og grænmeti, fíkjum, döðlum, hnetum, ávaxtamauki og lakkrís 5 kr. af hverjum 10 kg.
   b. Af osti og eggjum 2 kr. af hverjum 10 kg.
   c. Af heyi 3 kr. af hverjum 100 kg.

Úr 7. tölul. 1. gr., sem verður 9. tölul., fellur niður orðið »hey«.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.